173. fundur ungmennaráðs
Haldinn rafrænt
7. apríl 2020 kl 20:00.
Fundinn sátu: Ronja, Margrét, Emelía, Sigurður, Logi, Ragnheiður, Kristrún og Hrefna ásamt starfsmönnum: Óskari og Þórunni.

Fundarstjóri og ritari: Óskar.

1. Bæjarstjórn unga fólksins
   Kynning á verkefninu. Ungmennaráð er jákvætt í garð verkefnisins og reiðubúin að taka þátt í því.

2. Erindi frá bæjarstjórn um viðhorf Ungmennaráðs til viðbragða Hafnarfjarðarbæjar við samkomubanni
   Samkomubann hefur haft þau áhrif á starfsemi Ungmennaráðs að fundarhald hefur færst yfir á fjarfundarform. Þetta hefur dregið mjög úr félagslegum þætti starfsins sem er mjög mikilvægur. Þá þýðir samkomubannið einnig að við höfum ekki getað hist og hjálpast að við að vinna tillögur og skrifa ræður fyrir bæjarstjórn eins og stefnt var að. Þá er fyrirhugaður súpufundur með bæjarstjórn í óvissu. Fjarfundarform hefur þó gengið vel svo langt sem það nær og við höfum náð að hittast á þeim vettvangi.

   Ungmennaráðið gerir sér grein fyrir því að aðgerðirnar sem ráðist hefur verið í eru nauðsynlegar og er almenn ánægja innan ráðsins með viðbrögð bæjarins. Þó eru sumir fulltrúar ráðsins vonsviknir með hvernig bekkjum hefur verið skipt upp í grunnskólum. Kannski hefði mátt skipta hópunum upp með betri hætti svo vinir gætu verið saman.

3. Tillögur til bæjarstjórnar
   Fulltrúar Ungmennaráðs halda áfram að skrifa sínar ræður og geta fengið aðstoð frá starfsmönnum ef þess er óskað. Óljóst er hvenær sameiginlegur fundur Ungmennaráðs og bæjarstjórnar verður haldinn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 20:50.